



Guðrún Tryggvadóttir sýnir þessa mynd í Vestursal Kjarvalsstaða.

Myndlistarveisla

Myndlistarlífið í höfuðborginni er óvenju blómlegt um þessar mundir. Fimm sýningar verða opnaðar nú um helgina, og eru þær hver annarri forvitnilegri. Fyrst ber að telja Tvær-íng FÍM, sem opnar á Kjarvalsstöðum kl. 14 í dag. Bláðamönnum gafst kostur á að sjá sýninguna fyrir helgina, og verður að segjast, að hér hefur óvenju vel til tekist um samsýningu af þessari gerð, og sýna margir þátttakendur þarna sínar sterkustu hliðar. Athygli vekja 3 stórar myndir Sigurðar Örlygssonar, sem sýna að hann hefur náð að dýpka enn það kröftuga myndmál sem hann sýndi á Kjarvalsstöðum í desember. Þá á Margrét Jónsdóttir afar skemmtilegar myndir á þessari sýningu, sem sýna okkur steinrunnar verur og form í óvenjulegu ljósi. Sigurður Þórir hefur aldrei verið betri en í myndum sínum á þessari sýningu, og sömuleiðis sýnir Eyjólfur Einarsson á sér fersk tilþrif í magnaðri mynd af píramíða í tunglskinsbirtu sem sýnir okkur að Eyjólfur hefur alltaf haft vissar taugar til súrrealismans. Margt fleira markvert er á þessari sýningu, en í heild sinni gefur hún viss fyrirheit um þá endurnýjun sem nú er að verða innan FÍM.

Guðrún og Hansína

Tvær aðrar sýningar verða opnaðar að Kjarvalsstöðum í dag: Hansína Jensdóttir sýnir skúlptúra í anddyri og Guðrún Tryggvadóttir sýnir málverk í Vestursal. Hansína Jensdóttir er gullsmíður að mennt, en lærði auk þess skúlptúr í 2 ár í Calgary í Kanada. Myndir hennar eru eins konar fuglabúr, það er að segja þær eru þrívíðar myndir sem eru teiknaðar með járnvör og sýna næma tilfinningu fyrir rúmi og línusamspili.

Guðrún Tryggvadóttir lærði myndlist í MHI 1974-'78 og var síðan við framhaldsnám í París 1978-'79 og við Akademie der Bildenden Künste í München 1979-'83, þar sem hún lauk námi með því að hljóta æðstu verðlaun Akademíunnar fyrir verk sín. Guðrún hefur síðar sýnt víða, en þetta er víðamesta einkasýning hennar til þessa. Baritónsöngvar-


inn Robert W. Becker mun flytja hinn gullfallega ljóðaflokk „Ástir skáldsins“ eftir Schumann við texta Heinrich Heine við opnun sýningarinnar í dag kl. 15.30.

Sjávarlandslag og ljósmyndalist í Norræna húsinu

Sýning Norræna hússins á verkum eftir þá Sigurð Guðmundsson, Björn Tufta og Olav Strømme, sem átti að opna um síðustu helgi, verður opnuð á sunnudaginn kl. 15. Misskilningur og klaufaskapur við sendingu listaverkanna milli landa olli töf-inni. Hægt er að lofa því að hér verður um mjög sérstæða sýningu að ræða, en hugmyndin að henni er komin frá Per Hovdenakk, forstöðumanni Henie-Onstad listasafnsins í Osló. Skúlptúrar Sigurðar Guðmundssonar á þessari sýningu eru kærkomin viðbót við grafíkuna og vatnslitamyndirnar, sem hann sýnir um þessar mundir í Gallerí Svart á hvítu, og gefa okkur fyllri mynd af þessum óvenjulega og mjög svo frumlega listamanni. Sigurður lýsti með mjög skilmerkilegum hætti hugmyndum sínum um myndlistina í viðtali við Þjóðviljann um síðustu helgi, og skal hér vísað til þess, en þeir Norðmenn sem þarna sýna með honum eru sinn af hvorri kynslóðinni: Olav Strømme (f. 1909, d. 1978) mótaðist sem listamaður á 4. áratugnum, og varð þá fyrir áhrifum frá súrrealisma, síðkúbisma og Bauhaus. Strømme þurfti lengi að berjast fyrir viðurkenningu á list sinni og var á tímabili núð um nasir að vera undir þýskum áhrifum, eftir að Þjóðverjar höfðu hernumið Norveg. En þeir þýsku listamenn sem haft höfðu áhrif á Strømme voru engir nasistar: Þvert á móti voru þeir úthrópaðir af nasistum sem úrkynjaðir.

Björn Tufta er af yngstu kynslóð norskra listamanna, og landslagsmyndir þær, sem hann sýnir í Norræna húsinu eru í anda „nýja málverksins“ – þessar landslagsmyndir sýna ekki ákveðið ytra landslag, heldur eru þær kortlagning þess innra landslags, þar sem litur og form eru bein ígildi djúpstæðra tilfinninga.


Að aflokinni heimsókn í kjallara Norræna hússins er upplagt að líta á ljósmyndasýninguna í anddyrinu um leið og menn fá sér kaffisopa, því þessi ljósmynda-sýning er vissulega allrar athygli verð og verðskuldar í rauninni betra sýningarpláss en þarna er fyrir hendi.



Sigurður Guðmundsson: Áttund, 1984. Norskur leirsteinn og blý 216x45x32 sm.

Sverrir í Gallerí Grjót

Sverrir Ólafsson hefur ekki látið deigann síga við skúlptúrsmíðina þrátt fyrir ytri áföll, en hann sýnir nú nokkra



Margrét Jónsdóttir: málverk á Tvær-íngi FÍM á Kjarvalsstöðum.

málm skúlptúra í Gallerí Grjót við Skólavörðustíg. En sem kunnugt er þá eyðilagðist mikill fjöldi af verkum hans í flóðum sem urðu í vinnustofum myndhöggvara í kjallara Kjarvalsstaða í desember síðastliðnum. En sýningin sem Sverrir hefur nú sett upp í Gallerí Grjót er allrar athygli verð, ekki síst þeir skúlptúrar sem hann hefur steipt í mál og unnið síðan og slípað. Í fljótu bragði minna andlitsgrímur Sverris okkur á afrískar grímur og tótemsúlur indíána, sem voru snar þáttur í forfedradýrkun og andatrú þessara þjóða. En andlitsmyndir Sverris eru allt annars eðlis: í stað þess að sjá í þeim hinn upphafna og stolta kynstofn í frumgerð sinni er hér allt á hverfulli nútunum, þar sem sundruð sjálfsmynd nútímamannsins er hamin í bræddan mál. Það er út af fyrir sig fróðlegt að bera saman málmgrímur Sverris og prófilmynd Sigurðar Guðmundssonar, sem hann sýnir nú í Norræna húsinu og kallar „Díabas 1986“. Þessi mynd er úr svörtum stálhórðum steini. Á meðan Sverrir fæst við hið hverfulega er Sigurður að skapa einskonar frumgerð, afhjúpa hinn varanlega kjarna frumgerðarinnar í efninu.

Ásgerður hjá ASÍ

Vefnaðarsýningu Ásgerðar Búadóttur í Listasafni ASÍ við Grensásveg lýkur um þessa helgi. Ekki verður svo fjallað um það veisluborð sem myndlistarmenn okkar hafa breitt út um höfuðborgina um þessa helgi, að ekki sé minnst á þær dýrindiskrásir sem þær er að finna. Ásgerður er löngu kunn sem okkar fremsti vefari og hún sýnir það enn á þessari sýningu hversu fágætu valdi hún hefur náð á galdri vefsins með næmri tilfinningu fyrir efninu og því stranga myndmáli sem hún hefur tamið sér. Myndir hennar byggja á einföldum frumformum og eru fábrotnar í lit, þar sem ýmist eru tilbrigði í rauðu eða indígó-bláu. Hrosshársívaði notar hún síðan til þess að gefa vefnum nýja vidd, og í bestu myndum hennar, eins og t.d. stóra bláa vefnum, sem hún kallar Norðri, verður hvítur þríhyrningur úr hrosshári lifandi miðpunktur myndarinnar, sem gefur ekki bara tilfinningu fyrir snævi þöktum fjallstíndi, heldur færir manni fiðring í lófana og þann fögnuð sem einungis lifandi list getur veitt.

Rómantík og raunsæi

Vart er hægt að hugsa sér ólíkari málara en þá Sigurð Eypórs-

son, sem nú sýnir í Gallerí Gangskör, og Hring Jóhannesson, sem sýnir í Gallerí Borg. Þeir eiga það þó engu að síður sammerkt að ástunda notursamlegt handbragð og leggja rækt við gamlar hefðir í olíumálverki, sem fyrir fáum árum þóttu úrelt þing.

Sigurður Eypórsson hefur lagt mikið upp úr því að tileinka sér aðferðir þær sem tíðkuðust við málun á 15. og 16. öld í Evrópu, jafnvel áður en olíuliturinn kom til sögunnar. Þá blönduðu menn litarduftið með eggjahvítu í stað olíu, en það voru víst Hollendingar sem uppgötvuðu olíulitinn á 15. öldinni. Sigurður sýnir okkur þarna hálfkláraða mynd af holdmiklu kornabarni, sem eins konar sýnishorn þeirrar aðferðar sem hann notar við málverkið, og minnir ekki svo lítið á hálfkláraðar myndir eftir Leonardo eða Botticelli. En það er víst ekki um þetta sem listin snýst, heldur þann óhlutlega „sannleika“, sem ekki verður skýrður með orðum eða aðferðarfræði, heldur aðeins upplifaður sem sjónræn reynsla. Og þótt Sigurður sýni mikla kunnáttu og þekkingu á náttúru olíulitar og eggtempera, þá er sá rómantíski heimur sem myndir hans sýna ekki sannfærandi í mín-um augum, auk þess sem mér finnst teikningunni vera undarlega ábótavant í sumum myndanna.

Sú langsóttá rómantík sem ríkir í myndum Sigurðar Eypórs-sonar er hins vegar víðs fjarri í myndum Hring Jóhannessonar, sem leitar sér ekki viðfangsefna í fortíðardraumum, heldur í sínu nánasta umhverfi. Svo hversdagslegt fyrirbæri sem plastpoki fljótanda í drullupólli eða stag í rifinni heyábreiðu geta orðið honum tilefni formlegrar ígrundunar, sem oft og tíðum skilar nokkrum árangri og þegar best lætur tekst honum að magna upp það smáa í þær víddir að þær skili nýjum og frumlegum skilningi á viðfangsefninu. En hætta sem vofir yfir hjá Hring finnst mér engu að síður vera sú sama og er svo áberandi hjá Sigurði Eypórssyni: að aðferðarfræðin verði að inntaki listarinnar. Í þessu sambandi er forvitnilegt að líta til gjörólíkra vinnubragða Sigurðar Guðmundssonar, sem hefur þá aðferðarfræði eina, að hafna öllum fyrirframgefnum aðferðum við það að skapa myndlist. Svo ólík og andstæð eru viðhorfin og stefnurnar í myndlistinni í dag, en viðfangsefnið er þó eitt og hið sama: að umbreyta mannlegri reynslu í áþreifanlegt form. Og þar skulum við halda sem flestum leiðum opnum.

ólg